

46. fundur stjórnar Héraðsskjalasafns Kópavogs, haldinn í húsnæði Náttúrufræðistofu Kópavogs að Hamraborg 6a og að Hamraborg 1, 25. október 2007 kl. 16:00.

Dagskrá: 1. Öryggisskápur safnsins 2. Ný aðfangabók safnsins, 3. Breyting á skipuriti tómstunda- og menningarsviðs bæjarins, 4. Öskjukaup, 5. Starfsmannamál, 6. Ósk héraðsskjalavarðar um heimild til að sækja norrænt seminar í Helsinki um einkaskjalasöfn 26.-28. nóv. nk., 7. Einkaskjalasafn Sigurbjarts Jóhannessonar, fv. byggingarfulltrúa Kópavogs, 8. Önnur mál.

Mættir: Hilmar Björgvinsson formaður, Hrafnhildur Hjaltadóttir og Bjarni Ólafsson. Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður sat fundinn og nýr deildarstjóri menningarmála Kópavogsbæjar, Guðbjörg Linda Udengård.

Fundurinn hófst með því að formaður bauð velkomna Guðbjörgu Lindu Udengård, nýjan deildarstjóra menningarmála Kópavogsbæjar.

- 1. Öryggisskápur safnsins.** Fundurinn hófst í Náttúrufræðistofnun Kópavogs þar sem nýr öryggisskápur safnsins er geymdur vegna þess að ekki þykir óhætt að leggja þyngd hans á gólf héraðsskjalasafnsins. Hann er eldtraustur og hinn vandaðasti gripur. Í honum verða geymd mikilvæg skjöl og þá ekki síst þau sem fengin eru í millisafnalánnum. Skápurinn kostaði um 360 þús. kr. sem þykir lágt verð enda var hann keyptur milliliðalaust frá framleiðanda.
- 2. Ný aðfangabók safnsins.** (Fundurinn færður í húsnæði safnsins að Hamraborg 1.) Héraðsskjalavörður sýndi fundarmönnum aðfangabók safnsins sem nú hefur borist frá Svíþjóð. Þetta er mikil bók og þung og kostar kr. 168.310. Hún skal vera löggilt með sérstöku innsigli og tölusett og frá því verður gengið fljótlega og bókin tekin í notkun.
- 3. Breyting á skipuriti tómstunda- og menningarsviðs Kópavogs.** Guðbjörg Linda Udengård gerði grein fyrir breytingu á skipuriti sem beinist að tómstunda- og menningarsviði bæjarins. Tveir deildarstjórar verða þá undir sviðsstjóra en hún er deildarstjóri menningarmála hjá Kópavogsbæ og Héraðsskjalasafnið snýr sér þá til hennar með erindi sínu. Stjórnin lýsir yfir því að miklar vonir séu bundnar við starf Guðbjargar Lindu.
- 4. Öskjukaup.** Niðurstaða um verð á nýfengnum skjalaöskjum er að það sé vel innan kostnaðarmarka miðað við áætlun. Þær eru ekki aðeins ætlaðar Héraðsskjalasafninu heldur einnig öðrum bæjarstofnunum. Öskjurnar eru vandaðar, t.d. sömu gerðar og ríkisskjalasafn Svía notar.
- 5. Starfsmannamál.** Samtals er núna ráðið í 1.25 stöðugildi í stofnuninni. Lausráðinn starfsmaður er það að auki í 25% stöðu til áramóta. Heimild er fyrir 2,5 stöðugildi við stofnuna. Héraðsskjalavörður tekur fram að enginn geti leyst hann af eins og er. Um áramót hverfur lausráðni starfmaðurinn til náms. Mikilvægt er að ráða nýjan skjalavörð um áramót.
- 6. Ósk héraðsskjalavarðar um heimild til að sækja norrænt seminar í Helsinki um einkaskjalasöfn 26.-28. nóv. nk.** Stjórnin mælir með því að héraðsskjalavörði verði gert kleift að komast á þetta seminar enda hefur honum verið boðið að flytja

fyrirlestur þar fyrir hönd íslensku sendinefndarinnar. Sækja þarf um fjárveitingu til ferðarinnar til bæjarráðs og er formanni falið að annast það.

- 7. Einkaskjalasafn Sigurbjarts Jóhannessonar, fv. byggingarfulltrúa Kópavogs**
Sigurbjartur hefur boðið Héraðsskjalasafni Kópavogs skjalasafn sitt og það er komið hingað inn á gólf. Ganga þarf frá samningi um notkun þess og varðveislu og stjórn felur héraðsskjalaverði að gera drög að honum.
- 8. Önnur mál.** a) Rætt var um nafn stofnunarinnar. Vilji stjórnarinnar stendur til þess að nota nafnið Bæjarskjalasafn Kópavogs, í samræmi við samþykkt um stofnunina, fremur en Héraðsskjalasafn. b) Ársskýrsla safnsins er enn í vinnslu en gengur hægar en vert væri.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 17.50

Fundarritari Bjarni Ólafsson